Skjal sótt af '0000000000' dags: 19.08 2026




**Skýringarmynd:** Hluti aðalskipulags Kópavogs 2019-2040
Samþykkt í Bæjarstjórn 28. september 2021
Staðfest 28. desember 2021 - birt í b-deild 30. desember 2021

# Kársnesnhöfn. Hafnarbraut 17-20 og 21-23. Svæði-9.

## DRÖG

## TILLAGA AÐ BREYTTU DEILIKIPULAGI

Breyting skv. 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010

Erindi frá fundi skipulags- og umhverfisráðs 15. desember 2025

ONE / 25101025

**Greinargerð:** Vísað er í gildandi deiliskipulag Kársneshafnar, svæði-9 samþykkt í bæjarstjórn Kópavogs 23. janúar 1990 m.s.br. samþykktar í bæjarráði 16. desember 2004 og 23. ágúst 2018 ásamt skilmálum dagsettir sama dag. Svæðið sem breytingin nær til er skilgreint í Aðalskipulagi Kópavogs 2019-2040 sem íbúðarbyggð (ÍB- 1).

**Forsendur og rök fyrir breytingunni:**
Leiðrétta þarf gildandi deiliskipulag svo hægt sé að skapa betri aðstæður á lóðunum. Bæta aðgengi gangandi vegfarenda og að tryggja bílastæðafjölda ofanjarðar og í bílakjallara. Leiðrétta þarf byggingarreit bílakjallara á báðum lóðum en hann er teiknaður of lítill Í gildandi deiliskipulagi og rúmar ekki þau bílastæði sem gert er ráð fyrir í deiliskipulaginu.

**Tillaga að breytingu:** Í breytingunni felst að lóðarmörkum Hafnarbrautar 17-20 og 21-23 verði breytt og þau stækkuð að götu Vesturvarar til norðurs, að Hafnarbraut til austurs og Nesvarar til suðurs svo hægt sé að koma fyrir öruggum gönguleiðum fyrir almenning í gegnum lóðirnar og einnig til að tryggja fjölda bílastæða innan lóða. Lóð Hafnarbrautar 17-20 stækkar úr 2.515m$^2$ í 2,961. m$^2$ og lóð Hafnarbrautar 21-23 stækkar úr 2.412m2 í 2.777m$^2$. Byggingarreitur bílakjallara á báðum lóðum er leiðréttur og stækkar úr 1688,7m2 í 1852m2. Aðkoma að lóðinni helst óbreytt. Fyrirkomulag bílastæða sem snúa að Nausta- og Vesturvör breytast lítillega og komið er fyrir nýjum bílastæðum við Hafnarbraut á samt gróðri. Staðsetning djúpgáma er leiðbeinandi. Aðkoma að lóð, bílastæði, gata og göngustígar verður nánar útfært við hönnun. Uppdráttur er í Reykjavíkurhæða- og hnitakerfi. Að öðru leiti er vísað í gildandi deiliskipulagskilmála.

Deiliskipulagsbreyting þessi, sem fengið hefur meðferð í samræmi við ákvæði 3. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í bæjarstjórn Kópavog, þann xx. xx xxxx.

Auglýsing um gildistöku breytingarinnar var birt í B- deild stjórnartíðinda þann ______________ xxxx.

B-deildar númer ________________

**Með uppdrætti þessum fylgja skipulagsskilmálar dags. 23. ágúst 2018**

**Skýringar** - nánari merkingar má sjá í skipulagsskilmálum.

- Byggingarreitur
- Leiðbeinandi byggingarlína
- Byggingarreitur kjallara
- Leiðbeinandi hæðarskipting
- Lóðarmörk
- Bindandi byggingarlína
- Mörk breytinga
- Viðbygging og/ eða nýbygging verslunar- þjónustu og íbúðarhúsnæðis
- Viðbygging og/ eða nýbygging verslunar- og þjónustuhúsnæðis
- Viðbygging og/ eða nýbygging íbúðarhúsnæðis

Kópavogi, dags.

______________________________

Auður D. Kristinsdóttir
skipulagsfulltrúi




**Hluti úr gildandi deiliskipulagi: Kársneshöfn, svæði-9. Hafnarbraut 17-20 og 21-23.** Samþykkt í bæjarráði Kópavogs. 23. ágúst 2018. mkv. 1:1000




**Tillaga að breyttu deiliskipulagi: Kársneshöfn, svæði-9. Hafnarbraut 17-20 og 21-23.** mkv. 1:1000

S:\Baejarskipulag\200 Austur-Vesturbær\VESTURBÆR\25101025. Hafnarbraut 17-23. Breytt Deiliskipulag. Svæði-9\snidmat-fyrir-kynningaruppdratt-deiliskipulagt-svaedi.dwg

**KÓPAVOGSBÆR**
**Umhverfissvið / Skipulagsdeild**
Kópavogi, 12. desember 2025. Elín Mjöll Lárusdóttir arkitekt.

A3